

AUGLÝSING**um staðfestingu á aðalskipulagi við Hafralækjarskóla, Aðaldælahreppi.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 25. nóvember 1991 staðfest uppdrátt að aðalskipulagi að því er tekur til þéttbýliskjarna við Hafralækjarskóla í Aðaldælahreppi.

Aðalskipulag þetta hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og verið samþykkt af Skipulagsstjórn ríkisins og sveitarstjórn Aðaldælahrepps.

Umhverfisráðuneytið, 25. nóvember 1991.

Eiður Guðnason.

Páll Líndal.

26. nóvember 1991

AUGLÝSING

Nr. 565

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Akureyrar hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 23. október 1991 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990–2001 frá 30. nóvember 1990 sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fölginn í því að landnotkun á lóð nr. 23 (áður nr. 23 og 25) við Kaupvangsstræti, sem í gildandi aðalskipulagi er skilgreind sem óbyggt svæði/útvistar svæði, verður miðbæjarsvæði.

Umhverfisráðuneytið, 26. nóvember 1991.

F. h. r.

Páll Líndal.

Hrafn Hallgrímsson.

21. nóvember 1991

GJALDSKRÁ

Nr. 566

vegna hundahalds í Húsavíkurkaupstað 1992.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Húsavíkurkaupstað, sbr. 2. gr. c staflíð samþykktar frá 21. nóvember 1991, skal vera kr. 7 000,00 á árinu 1992.

Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. maí, eindagi er 1. júlí.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 3. gr. samþykktarinnar skal vera kr. 3 000,00 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 6 000,00 ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.